

# FRÉTTATILKYNNING

„Hér getur allt gerst !“

Samsýning Ásmundar Sveinssonar og Kristins E.  
Hrafnssonar í Ásmundarsafni

Laugardaginn 21. maí 1994 kl 14.00 verður formlega opnuð í Ásmundarsafni sýning á verkum eftir Ásmund Sveinsson og Kristinn E. Hrafnsson, sem ber yfirskriftina „Hér getur allt gerst !.“

Á síðastliðnu ári samþykkti stjórn Ásmundarsafns þá nýbreytni að efna til sýningar einu sinni á ári þar sem listamanni væri boðið að vinna verk út frá myndheimi Ásmundar Sveinssonar og sýna þau ásamt verkum eftir Ásmund á sérstakri sýningu í Ásmundarsafni.

Að þessu sinni varð fyrir valinu Kristinn E. Hrafnsson myndhöggvari, sem vakið hefur mikla athygli fyrir verk sín á síðastliðnum árum. Kristinn nam fyrst við Myndlista- og handíðaskólann í Reykjavík, en síðan við Listaháskólann í München.

Líkt og Ásmundur vinnur Kristinn E. Hrafnsson út frá náttúrunni en þó á ólíkum forsendum. Grunnþema í verkum Ásmundar Sveinssonar allan hans lífsferil var náttúran, en hún birtist bæði sem myndefni og formrænar tilvísanir. Á fjórða áratugnum lagði hann sig fram við að myndgera fólk og tengsl þess við náttúruna í verkum líkt og Vatnsberinn og Veðurspámaðurinn. En á fimmta áratugnum, þegar hann fer að vinna út frá Íslendingasögum notar Ásmundur markvisst tilvísanir í landslagið. Verkin eru fjöll, klettar, drangar og sjávarstönd samtímis sem þau lýsa þekktum persónum og atburðum úr Íslendingasögunum.

En Kristinn E. Hrafnsson myndgerir náttúruna á annan hátt. Kristinn hefur allt frá upphafi einbeitt sér að innra krafti efnisins og hæverskum tilvísunum í iðnaðarfagurfræði. Verkin hafa oftast vitnað um stefnumót mannsins við náttúruna. En að þessu sinni eru enn fremur hugmyndalegri verk þar sem listamaðurinn gengur nær sjálfu landinu og endurbyggir skýrt afmörkuð landssvæði og vatnsyfirborð í brons og steinsteypu. Á meðan að Ásmundur vann innan frá landinu, og líkti eftir hegðan þess, skoðar Kristinn landið utan frá og greinir það í sína frumkrafta.

Sýningin verður opin daglega í sumar frá kl. 10-16.  
Kaffistofa safnsins er opin á sama tíma.